Siðareglur bæjarstjórnar

Við störfum **í þágu allra Kópavogsbúa** með opnu samtali, virku upplýsingaflæði og **hlustum á ólík sjónarmið.** **Farsæld íbúanna** og komandi kynslóða er okkar hjartans mál.

♡

Við **stöndum vörð** um fjárhag bæjarins og förum vel með eigur hans enda er traustur rekstur **undirstaða farsældar** og vaxtar.

♡

Við störfum af **heilindum og ábyrgð**, sýnum **háttvísi** og berum virðingu fyrir skoðunum annarra.

♡

Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði **virðum við hlutverk og störf** starfsfólks, sýnum kurteisi og tillitssemi í samskiptum.

♡

Við **nýtum ekki stöðu okkar**, upplýsingar né þiggjum gjafir í starfi ef það er í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.

♡

Við **gerum grein fyrir hagsmunum** eða tengslum ef vafi leikur á hæfi okkar í meðferð mála.

♡

Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt og rétt frá, **gætum trúnaðar** og **sýnum sanngirni** í hvívetna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026